




Vökustofa Barnadeildar



Kæru foreldrar

Til hamingju með barnið.

Sumir nýburar og fyrirburar þurfa nákvæmt eftirlit og sérhæfða hjúkrunar- og lækni meðferð. Til þess leggjast þau inn á vökustofu barnadeildar um tíma eftir fæðingu. Við það vakna margar spurningar og er þessum bæklingi ætlað að svara nokkrum þeim algengustu.

Hjálpartæki

Öll börn eru tengd við sírita sem mælir hjartslátt, súrefnismettun og stundum einnig öndun. Auk þess þurfa flest börn að liggja nakin í hitakassa fyrst svo auðveldara sé að fylgjast með þeim. Hitakassi er notaður fyrir veik börn, mjög lítil börn/fyrirbura og fyrir börn sem þurfa súrefni eða ljósmeðferð vegna nýburagulu. Mörg fá vökva og/eða lyf í æð og eru því tengd við vökvaðælu. Til þess þarf að setja nál í æð á hönd, fæti eða höfði barnsins.

Einstaka barn þarf tímabundna öndunaraðstoð með öndunarvél.

Stöðugt fer fram skráning upplýsinga um ástand barnsins og niðurstöður rannsókna og mælinga.

Rannsóknir

Oftast er nauðsynlegt að taka blóðprufur til að fá upplýsingar um ástand barnsins. Aðrar algengar rannsóknir eru röntgenmyndataka, þvagprufa, mænuástunga og hjartaómskoðun.

Næring og umönnun

Fyrst eftir fæðingu getur verið nauðsynlegt að gefa vökva í æð. Strax og barnið þolir er gefin næring um meltingarveginn. Ef barnið getur ekki drukkið sjálft vegna smæðar eða sjúkdóms er því gefin brjóstamjólk/þurrmjólk í gegnum sondu. Sonda er grönn slanga sem er sett um nef og niður í maga. Mjólkin er gefin með sprautu. Áhersla er lögð á að nýburar fái móðurmjólk ef það er unnt, jafnvel þó ekki sé hægt að leggja þá á brjóst. Þar til það er hægt er móðir hvött til að mjólka sig reglulega og örva/viðhalda þannig mjólkurframleiðslu. Hafi móðir ekki næga mjólk handa barni sínu, geti ekki mjólkað eða kjósi að mjólka ekki, er gefin þurrmjólkurblanda að hluta til eða alfarið.



Á fæðingardeildinni er staðsett brjóstapumpa sem mæður geta notað, auk þess sem hægt er að fá lánaða brjóstapumpu á barnadeildinni meðan barnið er inniliggjandi. Brjóstamjólk geymist í kæli í 2 sólarhringa. Frysta má ferska brjóstamjólk sem geymist þannig í djúpfrysti í allt að 6-12 mánuði. Mjólk geymist í kæli í 1 sólarhring eftir að hún er tekin úr frysti, eftir það verður að henda henni. Upphitaðri mjólk á að henda drekki barnið ekki allan mjólkurskammtinn í einu. Gæta skal að hreinlæti við meðhöndlun brjóstamjólkur og áhalda. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í umönnun barns síns eins og aðstæður leyfa. Það stuðlar fyrir að jákvæðri tengslamyndun. Starfsfólk leiðbeinir og aðstoðar ykkur eftir þörfum og er ávallt reiðubúið til að svara spurningum ykkar.

Sálfélagsleg þjónusta

Þar sem það er töluvert álag að eignast barn sem á við veikindi að stríða er gott að tala við einhvern. Starfsfólk deildarinnar er ávallt til staðar og einnig er hægt að fá viðtal við djákna og félagsráðgjafa eftir samkomulagi

Heimsóknir

Foreldrar eru velkomnir allan sólarhringinn. Heimsóknir annarra eru leyfðar milli kl: 14-20 og ávallt í fylgd foreldra. Heimsóknirnar eru takmarkaðar vegna þess að ónæmiskerfi nýfædds barns og fyrirbura er ekki fullþroskað og barnið því viðkvæmt fyrir ýmsum sýkingum. Systkini eldri en 4ra ára eru velkomin en heimsóknir annarra barna eru ekki leyfðar. Ekki er æskilegt að fleiri en tveir séu í heimsókn í einu og ekki fleiri en 4 á dag. Best er að hafa samráð við hjúkrunarfræðing barnsins um heimsóknir. Þeir sem koma inn á vökustofuna þurfa að fara úr yfirhöfnum og þvo sér vel um hendurnar og spritta. Þeir sem hafa kvef eða aðrar sýkingar mega ekki koma í heimsókn.

Símanúmer á barnadeild: 463 0156 og 463 0160

Með von um gott samstarf,
starfsfólk barnadeildar FSA.